



Nefndasvið Alþingis
B.t. fjárlaganefndar
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 21. apríl 2023


Efni: Umsögn um um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028, mál nr. 894/2023

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028, mál nr. 984/2023 og gera eftirfarandi athugasemdir við efnistöð áætlunarinnar.

Stærstu vaxtartækifærin liggja í iðnaði

Öflugur iðnaður er undirstaða góðra lífskjara á Íslandi. Iðnaður stendur að baki stórum hluta verðmætasköpunar í hagkerfinu og útflutningstekna Íslands. Iðnaður skapar 23% landsframleiðslunnar, 44% útflutningstekna, veltir hátt í 2 þúsund milljörðum og í iðnaði starfa 47 þúsund manns eða um einn af hverjum fjórum á vinnumarkaði.

Umfang iðnaðar og annarra útflutningsgreina árið 2022



Heimild: Hagstofa Íslands



Eftir hraðan vöxt hagkerfisins undanfarið hefur staða hins opinbera batnað. Hallinn á ríkissjóði hefur minnkað umtalsvert og skuldahorfur batnað líkt og fram kemur í fjármálaáætluninni. Reiknað er með afgangi af frumjöfnuði ríkissjóðs í ár sem er um 200 ma.kr. bati á frumjöfnuði á 2 árum sem er mikil breyting. Skuldir hins opinbera eru einnig farnar að lækka sem hlutfall af landsframleiðslu og hefur skuldastaðan þróast með mun jákvæðari hætti en reiknað hefur verið með í síðustu fjármálaáætlunum. Aðhaldsstig ríkissjóðs hefur aukist og hann þannig lagst á árar með Seðlabankanum og aðilum vinnumarkaðarins að ná verðstöðugleika en verðbólgan er mikil um þessar mundir. Mikilvægt er að stöðugleika sé náð með sem minnstum efnahagslegum tilkostnaði.

Líkt og kemur fram í áætluninni er líklegt að drifkraftar hagvaxtar breytist umtalsvert á næstu árum. Grunnur aukinnar verðmætasköpunar felst í auknum útflutningi á vörum og þjónustu. Iðnaður er umfangsmesta útflutningsgreinin en tvær af fjórum stoðum útflutnings Íslenska hagkerfisins heyra til iðnaðar, þ.e. hugverkaiðnaður og orkusækinn iðnaður. Horfur eru á enn meiri vöxt í útflutningi iðnaðar á næstu árum. Auk þessa eru stór og afar mikilvæg fjárfestingarverkefni áformuð á tímabili fjármálaáætlunarinnar sem ættu að byggja undir vaxtargetu hagkerfisins, lítið til lengri tíma. Ef rétt er að málum staðið gæti hagvöxtur orðið meiri en gert er ráð fyrir í spá Hagstofu Íslands sem lögð er til grundvallar fjármálaáætluninni. Stærstu tækifærin til vaxtar íslenska hagkerfisins til framtíðar liggja í iðnaði.

Mikilvægt er að stjórnvöld styrki vaxtargetu hagkerfisins til lengri tíma, sér í lagi með því að styrkja framboðshlið hagkerfisins. SI hafa um árábil hvatt stjórnvöld til að efla samkeppnishæfni Íslands en með aðgerðum á því sviði má efla framleiðnivöxt og auka verðmætasköpun. Það er gert með umbótum í menntamálum og mannauðsmálum almennt, hvötum til fjárfestinga í nýsköpun, innviðaupbyggingu, og einföldu og skilvirku regluverki og starfsumhverfi fyrirtækja. Tryggja þarf aukið framboð af grænni orku til fullra orkuskipta og uppbyggingar í iðnaði um land allt, fjölga þarf iðn-, tækni- og verkmenntuðu starfsfólki, greiða götu framkvæmda og setja kraft í innviðafjárfestingu, ekki síst í samgöngum, húsnæði og orkuskiptum. Fagna SI áherslum í þessa veru sem fram koma í áætluninni.

Húsnæðismál og innviðir

SI mótmæla fyrirhugaðri lækkun á endurgreiðslum virðisaukaskatts vegna framkvæmda við íbúðarhúsnæði úr 60% í 35% sem fram kemur í fjármálaáætluninni og taka á gildi um mitt þetta ár. Aðgerðin hækkar kostnað við húsnæðisbyggingar og kemur þannig til viðbótar við aðra þætti sem draga úr hvötum til uppbyggingar sbr. hækkun vaxta, hækkun á verði aðfanga, hærri launakostnaðar og óvissu í hagkerfinu. Verðbólga á Íslandi er há m.a. vegna þess ójafnvægis sem ríkt hefur á húsnæðismarkaði undanfarið ár sem stafar ekki síst af því að of lítið hefur verið byggt á undanförmum áratug miðað við eftirspurn. Hætta er á að aðgerðin dragi úr uppbyggingu íbúða sem hefur áhrif á markaðinn eftir 2-3 ár að teknu tillit til framkvæmdatíma sem er að jafnaði um 2 ár.

Yfirlýsingu innviðaráðherra og rammisamkomulagi um uppbyggingu 35 þúsund íbúða næsta áratug er fagnað sem og samkomulagi við Reykjavíkurborg. Með umræddum aðgerðum er verið að stuðla að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í samræmi við þörf sem og skapa fyrirsjáanleika fyrir mannvirkjaiðnaðinn um fyrirhugaða uppbyggingu og áform stjórnvalda. SI hefur skorað á önnur sveitarfélög að gera sambærilega samninga en slíkt leggur grunn að stöðugleika á húsnæðismarkaði.

Á sama tíma þarf að grípa til markvissra aðgerða til að bæta starfsumhverfi húsbýggjenda. Það er hins vegar ljóst að sú tillaga að lækka hlutfall endurgreiðslu virðisaukaskatts vinnur gegn umræddu markmiði stjórnvalda og dregur úr hvötum byggingariðnaðarins til uppbyggingar. Nánar er fjallað um afstöðu SI til þessarrar tillögu í viðauka við umsögn þessa.

Starfsumhverfi mannvirkjaiðnaðarins er eitt það óstöðugasta í íslensku efnahagslífi og skortir nauðsynlega aukinn fyrirsjáanleika um uppbyggingu og áform stjórnvalda. Hefur það verið mjög til bóta að áætlanir séu gerðar m.a. um uppbyggingu samgönguinnviða sem og nú liggur fyrir grænbók um stefnu í húsnæðismálum. Það er hins vegar ljóst að það skortir heildstæða stefnumörkun um uppbyggingu mannvirkja og áætlanagerð stjórnvalda þar um. Er hægt að leiða af fyrirliggjandi fjármálaáætlun, að nokkru, hverjar fyrirhugaðar framkvæmdir stjórnvalda verða á tímabili áætlunarinnar en ljóst að meira gagnsæi þarf, markvissari stefnumörkun og aukinn fyrirsjáanleika. Leggja samtökin því til að unnið sé að gerð stefnu um mannvirkjagerð og mannvirkjaáætlun sem unnin verður í breiðu samstarfi viðeigandi ráðuneyta, stjórnvalda og mannvirkjaiðnaðarins.

Til að styðja við markmið stjórnvalda um uppbyggingu í mannvirkjagerð þarf jafnframt að stórauka framlög til rannsókna í mannvirkjagerð til að undirbyggja aukin gæði, draga úr tjóni og stuðla að framþróun til að mæta áskorunum tengdum umhverfismálum og aukinni tæknivæðingu í iðnaði. Fyrirliggjandi áætlun um rannsóknir í tengslum við sjóðinn Ask er hvergi nærri nóg til að mæta þeirri þörf sem uppi er um rannsóknir og leggja samtökin til að bætt sé þar verulega í.

Fjárfesting hins opinbera í innviðum þarf ávallt að mæta þörfum atvinnulífsins og heimila. Áhersla þarf að vera lögð á fjárfestingu í innviðum sem skapa mestan þjóðhagslegan ávinning. Mikil uppsöfnuð viðhalds- og nýfjárfestingarþörf er nú í innviðakerfinu hér á landi, líkt og kemur fram í skýrslu Samtaka iðnaðarins og Félags ráðgjafarverkfræðinga *Innviðir á Íslandi 2021 – ástand og framtíðarhorfur*. Því til viðbótar er mikil fjárfestingarþörf til að mæta markmiðum stjórnvalda í umhverfis- og loftlagsmálum. Mikilvægt er að unnið sé markvisst að því að mæta þeirri þörf á næstu árum og gæta þess að tryggja stöðuga uppbyggingu, í stað sveiflukenndrar uppbyggingar.

SI minnir á að uppsöfnuð viðhaldsþörf í innviðum landsins er mjög mikil og skorar á stjórnvöld – ríki og sveitarfélög – að vinna á uppsafnaðri þörf, eftir atvikum með samvinnu við einkamarkaðinn, á næstu árum samhliða nýfjárfestingum.¹ Er mikilvægt að fjármálaáætlun endurspegli þá þörf. Innviðir landsins leggja grunn að þeirri verðmætasköpun sem m.a. er ætlað er að standa undir rekstri hins opinbera. Innviðirnir þurfa að geta sinnt því hlutverki og því miður eru horfurnar ekki nægilega góðar ef litið er til niðurstaða fyrrnefndrar skýrslu frá árinu 2021.

¹ https://www.si.is/media/eplica-uppsetning/Innviðir-a-Islandi_skyrsla_opnur.pdf



Orku- og loftslagsmál

Í fyrirliggjandi áætlun er rík áhersla lögð á umhverfis- og loftslagsmál, s.s. orkuskipti, og er þar gerð grein fyrir aðgerðum hins opinbera, markmiðum og áskorunum á því sviði.

SI taka undir þessar áherslur hins opinbera og skora samtökin á stjórnvöld að greiða götu framkvæmda í þágu orkuskipta, rétt eins og stjórnvöld í öðrum ríkjum hafa gert og framkvæmdastjóri SP hefur hvatt stjórnvöld í ríkjum heims til að gera. Rjúfa þarf áralanga kyrrstöðu í orkuöflun til að mæta raforkuþörf vegna orkuskipta á Íslandi og nýjum tækifærum í fjölbreyttum iðnaði. Skortur á raforku hefur þegar leitt til tapaðra tækifæra í iðnaði og atvinnuuppbyggingu um land allt á síðustu árum. Bæta þarf flutningskerfi raforku í þágu orkuöryggis, bættrar orkunýtingar og aðgengis að raforku um land allt. Við þessu þarf að bregðast hratt.

Endurskoða þarf aðgerðir í loftslagsmálum og forgangsraða fjármagni ríkisins í hvata og styrki til orkuskipta og tækniinnleiðingar til þess að ná markmiðum stjórnvalda og draga úr losun á Íslandi í grænni iðnbyltingu. Verði það ekki gert með afgerandi hætti mun Ísland verða eftirbátur annarra ríkja í þessum efnum og mun það koma niður á samkeppnishæfni til framtíðar.

Til að tryggja skilvirkni í orkuskiptum og ábyrgja ráðstöfun á opinberu fjármagni ættu stjórnvöld að leggja sérstaka áherslu á að stuðningur stjórnvalda taki einnig til orkuskipta í vöru- og fólksflutningsbifreiðum og vinnuvélum en ekki eingöngu ívilnunum til einstaklinga. Ívilnanir vegna fólksbíla, s.s. niðurfelling á virðisaukaskatti eða vörugjöldum, eru ekki til þess fallnar að stuðla að orkuskiptum í vöru- og fólksflutningum atvinnurekenda. Einnig er mikilvægt að fé ríkisins sé nýtt með skilvirkum hætti til samdráttar í losun innan beinar ábyrgðar ríkisins, þ.e. að finna hagkvæmstu leið til að minnka losun. Kerfið verði þannig einfalt í framsetningu og framkvæmd og hraði nauðsynlegum orkuskiptum. Loks að kerfið veiti fyrirsjáanleika næsta áratug þeim fyrirtækjum sem hyggja á orkuskipti, þ.e. með grænum hvötum og innviðaupbyggingu, þ.m.t. að áhersla verði lögð á að koma upp nauðsynlegum hleðslu- og áfyllingarstöðvum fyrir stærri tæki um land allt. Þá verði ekki lagðar á nýjar álögur á græn tæki eða græna tækni.

Mannauðsmál

SI kalla eftir auknu samstarfi við stjórnvöld og skólasamfélagið um að hvetja fleiri til náms í iðngreinum og í STEAM (e. Science, Technology, Engineering, Arts, Mathematics) greinum auk þess að sameinast um aðgerðir til að draga úr brottfalli þannig að fleiri útskrifist úr þessum greinum. Stjórnvöld þurfa samhliða að stórauka fjárframlög til þessara greina og bæta aðgengi um allt land til að tryggja að öll sem vilja hefja nám eigi þess kost. Í fjármálaáætluninni er stigið skref í þessa átt í anda þess sem boðað var í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar þar sem lögð er áhersla á að efla iðn- og verknám um allt land og fjölga útskrifuðum úr starfs- og tækninámi. Framlög til framhaldsskóla aukast á tímabili áætlunarinnar til að bregðast við fjölgun nemanda í starfs- og verknámi. Þá verða fjárframlög til háskóla aukin og sérstök áhersla lögð á eflingu náms og fjölgun nemenda í STEAM-greinum. SI fagnar þessu en telur að til að mæta færniþöf iðnaðrins litið til tíma áætlunarinnar þurfi að gera betur. Til skemmri tíma þarf að fá fleiri erlenda sérfræðinga til landsins og fagna SI áherslum og aðgerðum stjórnvalda þar að lútandi.


Mikill vöxtur hefur verið í iðnaði síðustu árin og hefur innlent menntakerfi ekki náð að mæta mannauðspörf þess vaxtar. Í könnun sem gerð var meðal aðildafyrirtækja SI nýlega kom fram að það er skortur á starfsfólki í 48% iðnfyrirtækja um þessar mundir. Mikill skortur er á fólki með menntun í iðn og STEAM.

SI leggur áherslu á að litið til framtíðar sinni menntakerfið færniþörf iðnaðar. Samkvæmt nýlegri könnun meðal fyrirtækja hér á landi kemur í ljós að af öllum greinum hagkerfisins telur iðnaður síst að menntakerfið muni mæta færniþörf þeirra litið til næstu ára.² Aðspurðir að því hversu vel íslenskt menntakerfi komi til með að mæta færniþörf þess fyrirtækis litið til næstu fimm ára var niðurstaðan sú að 42% stjórnenda iðnfyrirtækja sögðu illa og ekki nema 25% sögðu vel.

Nýsköpun

Samtökin fagna áherslum stjórnvalda þegar kemur að skattahvötum til rannsókna og þróunar (R&D) en eins og fram kemur í fjármálaáætlun námu endurgreiðslur vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar um 12 milljörðum á síðasta ári. Á sama tíma fjárfestu fyrirtæki í rannsóknum og þróun fyrir um það bil 65 milljarða. Þessar áherslur stjórnvalda hafa haft gríðarlega jákvæð áhrif á nýsköpun í landinu. Ríki sem við berum okkar saman við leitast eftir því að auka vægi fjárfestinga í R&D og er 3% af vergri landsframleiðslu algengt markmið þó flest ríki séu undir því markmiði. Hér á landi hefur hið opinbera varið um 0,7% af vergri landsframleiðslu til R&D og hefur það hlutfall haldist nokkuð stöðugt undanfarinn áratug eða svo. Fjárfesting einkaaðila í R&D hefur hins vegar aukist mjög og nam um 2,0% af vergri landsframleiðslu árið 2021 en var tæplega 1,0% árið 2013. Þessa aukningu má ekki síst rekja til þess að hvatar hafa verið auknir þar sem stærstu skrefin voru stigin árin 2018 og 2020. Á meðfylgjandi mynd má sjá þessa þróun. Þetta er því dæmi um vel heppnaða stefnumörkun sem skilað hefur tilætluðum árangri. Önnur birtingarmynd af þessum áherslum stjórnvalda er vöxtur hugverkaiðnaðar á liðnum árum. Útflutningstekjur hugverkaiðnaðar námu 239 milljörðum á síðasta ári en það eru 14% heildarútflutnings.

Útgjöld til R&D sem hlutfall af landsframleiðslu



Heimild: Hagstofa Íslands

² <https://www.si.is/frettasafn/thridjungur-fyrirtaekja-finnur-fyrir-skorti-a-starfsfolki>

SI skora á stjórnvöld að festa skattahvata vegna rannsókna og þróunar í sessi til frambúðar en það mun skapa aukinn fyrirsjáanleika og stuðla að því að fyrirtæki geri langtímaáætlanir um fjárfestingu í rannsóknum og þróun hér á landi.

Samtökin fagna því að stjórnvöld vinni að úttekt á skattahvötum vegna rannsókna og þróunar ásamt OECD og telja að slík úttekt muni leiða enn frekar í ljós mikilvægi þessa kerfis fyrir hagkerfi Íslands. SI óska eftir því að fá að fylgjast með úttektinni og koma sjónarmiðum sínum á framfæri eftir því sem gagnasöfnun og greiningu vindur fram.

Vöxtur í hugverkaiðnaði er háður því að hér á landi sé hæfur mannauður með mikla og oft á tíðum sértæka þekkingu. Greiða þarf götu erlendra sérfræðinga til Íslands. Aðgerðum háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um einföldun ferla er fagnað en huga þarf að alþjóðlegum skólum og öðru sem einfaldar aðgang fólks að íslensku samfélagi. Þá hvetja samtökin stjórnvöld til þess að auka skattfrádrátt fyrir erlenda sérfræðinga en slíkt er öflugt tæki til þess að laða að sérhæfðan mannauð.

Starfsumhverfi

SI vilja að stjórnvöld beiti sér fyrir stöðugu, hagkvæmu og skilvirku starfsumhverfi með markvissum aðgerðum til að efla samkeppnishæfni. Nýlega gáfu SI út skýrslu með 26 umbótatillögum sem snúa að því hvernig stjórnvöld geta eftt samkeppnishæfni og auka þannig framleiðni og verðmætasköpun íslensks iðnaðar til hagsbóta fyrir landsmenn.³ Hluti af þeim tillögum lýtur að því að auka hagkvæmni í starfsumhverfi iðnfyrirtækja með því að lækka opinberar álögur.

SI hvetja stjórnvöld til þess að lækka tryggingagjaldið á tíma fjármálaáætlunarinnar. Hátt tryggingagjald veikir samkeppnishæfni innlendra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum. Kemur gjaldið verst niður á þeim fyrirtækum þar sem launahlutfallið er hátt, þ.e. þar sem kostnaður einskorðast fyrst og fremst við laun og launatengd gjöld. Það á við um mörg iðnfyrirtæki líkt og ýmis fyrirtæki í hugverkaiðnaði. SI hefði viljað sjá í fjármálaáætluninni skýra áherslu á þetta ásamt heildstæða endurskoðun gjaldsins sem hefði það að markmiði að skýra hlutverk gjaldsins og auka gagnsæi varðandi ákvörðun þess.

SI mótmæla hækkun tekjuskatts fyrirtækja úr 20% í 21% sem boðuð er í áætluninni og hafa félagsmenn þvert á móti kallað eftir því að tekjuskattur sé lækkaður. SI telja að hækkunin skjóti skökku við í því krefjandi rekstarumhverfi sem íslensk fyrirtæki búa við í dag þar sem vextir, laun og aðföng hafa hækkað mikið að undanfögnu. Vilja SI undirstrika mikilvægi þess að ef af umræddri hækkun verði þá verði staðið við framkomin áform um að hækkunin sé tímabundin til eins árs og gildi því eingöngu árið 2024.

Virðingarfyllst,



Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI

³ https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/SI-starfsumhverfi-skyrsla-opnur-fin.pdf

Viðauki

Lækkun endurgreiðslu virðisaukaskatts á vinnu iðnaðarmanna


SI telja fyrirhugaða lækkun á endurgreiðslum virðisaukaskatts vegna framkvæmda við íbúðarhúsnæði úr 60% í 35% til þess fallna að draga úr uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Aðgerðin mun að mati SI hækka kostnað við húsnæðisbyggingar, draga úr framboði íbúða sem kemur fram eftir 2-3 ár, hækka verð íbúða, auka verðbólgu þegar áhrifin koma fram á húsnæðismarkaði og leiða til hærri vaxta. Þá koma áformin til með mjög skömmum fyrirvara eða eins tímabils virðisaukaskatts sem gerir fyrirtækjunum ómögulegt að skipuleggja sig út frá breyttum forsendum. Að sama skapi er ekki annað séð en að þessi aðgerð vinni gegn yfirlýstu markmiði ríkisstjórnarinnar um uppbyggingu 35 þúsund íbúða á árunum 2023-2032.

Forsendur fyrir umræddri tillögu standast að mati Samtaka iðnaðarins ekki en þær eru aðallega tvíþættar, að umsvif á byggingarmarkaði séu enn svo mikil og að arðsemi í byggingariðnaði slík að fyrirtækin í greininni eiga að geta borið umrædda skattahækkun sem boðuð er. Samtök iðnaðarins mótmæla framangreindum forsendum og telja þær ekki standast skoðun.

Umsvif að minnka og arðsemin ekki mikil

Það eru blikur á lofti í byggingariðnaði þar sem vextir hafa hækkað, sem og laun og verð á aðföngum, og efnahagshorfur versnað. Svigrúm fyrirtækja í greininni til að taka á sig kostnaðarauka er því búið að minnka undanfarið og var það ekki mikið fyrir. Ber í því skyni að nefna að gjaldprot meðal fyrirtækja í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð hafa verið með mesta móti það sem af er þessu ári en 61 fyrirtæki varð gjaldþrota í greininni á fyrstu 2 mánuðum ársins sem er veruleg aukning frá sama tíma í fyrra þegar 23 fyrirtæki urðu gjaldþrota. Bera tölurnar með sér að staða fyrirtækja í greininni sé að versna hratt.

Hagnaður fyrir skatta sem hlutfall af tekjum




Heimild: Hagstofa Íslands

Hagnaður fyrirtækja í greininni sem hlutfall af tekjum, sem er eðlilegur mælikvarði við mat á stöðu fyrirtækjanna, er að jafnaði nokkuð undir því sem mælist hjá fyrirtækjum almennt í hagkerfinu og er ljóst, þegar litið þess aftur til ársins 2002 að hagnaður fyrirtækjanna er mjög sveiflukenndur milli ára.

Með samanburði á niðurstöðu ársreikninga stærstu verktakafyrirtækja í greininni síðustu ár sést að afkoman er mjög mismunandi milli einstakra fyrirtækja. Ekkert fyrirtækjanna er rekið með sérstaklega miklum hagnaði og í heild hefur hagnaðurinn hjá þessum fyrirtækjum ekki verið mikill síðustu ár. Það er því langt í frá að hagnaður fyrirtækja í greininni sé umfram það sem sést í öðrum greinum hagkerfisins. Nýjustu tölur eru fyrir árið 2021 og sýna gögnin því ekki nýlega þróun sem er eflaust sú að hratt dregur úr arðsemi fyrirtækjanna í greininni líkt og tölur um aukinn gjaldþrot fyrirtækja í greininni á þessu ári benda sterklega til.

Hagnaður sem hlutfall af tekjum hjá nokkrum af stærstu fyrirtækjum landsins á verktakamarkaði í íbúðaruppbyggingu og innviðaframkvæmdum



Heimild: Skatturinn


Samtökin benda jafnframt á að í greiningu fjármála- og efnahagsráðuneytisins er sem rökstuðningur fyrir umræddri aðgerð bent á að arðsemi í greininni sé með hæsta móti og í því skyni borið saman íbúðaverð, vísitala byggingarkostnaðar og byggingarvísitala með áætluðum fjármagnskostnaði. Samtökin telja umrædda framsetningu ráðuneytisins ekki varpa ljósi á raunverulega stöðu. Horft er framhjá því að byggingarvísitalan er aðfangavísitala en ekki vísitala framleiðsluverðs líkt og Hagstofa Íslands hefur m.a. bent á.⁴ Vísitalan mælir ekki stóran hluta kostnaðar við byggingu húsnæðis á borð við lóðaverð, fjármagnskostnað og hönnunarkostnað. Ekki er heldur tekið tillit til lóðagjalda og annarra skatta og gjalda sem greiða þarf fyrir uppbyggingu mannvirkis. Þá er ekki tekið tillit til þess að til viðbótar við framangreindan kostnað bætist við álagning og sölukostnaður fasteignasala. Það er því langt því frá hægt að líta svo á að samanburður á þróun byggingarvísitölu og verðs íbúða endurspegli álagningu verktaka. Það eru einfaldlega fjölmargir aðrir kostnaðarliðir sem á eftir að taka tillit til.

Við þetta bætist að vísitala byggingarkostnaðar miðast við staðlaða íbúðareiningu og er ekki þverskurður af þeim fjölbreytileika íbúða sem nú eru í uppbyggingu. Mikill munur getur verið á byggingarkostnaði eftir eðli íbúðabyggingarinnar t.d. hvort um sé að ræða íbúð á þéttingareit eða á áður óbyggðu landi. Að lokum hefur byggingarvísitalan ekki náð að mæla verðhækkningar á byggingarefnum með nægjanlega góðum hætti, sér í lagi aðfluttum, og á það hafa Samtök iðnaðarins ítrekað bent.⁵

⁴ https://hagstofan.s3.amazonaws.com/media/public/b529f792-e350-46e8-8baf-200dea66ac50/pub_doc_QF61Lzr.pdf

⁵ https://www.si.is/media/eplica-uppsetning/Greining-SI_Verdaekkanir-skortur-og-tafir-hefta-voxt-i-byggingaridnadi-og-mannvirkjaqerd-23-06-2022.pdf

Verðvísitölur fyrir byggingar




Heimild: Hagstofa Íslands

Framangreindu til viðbótar telja samtökin þá aðferðafræði að bæta fjármagnskostnaði við byggingarvísitöluna vera villandi. Þær forsendur sem ráðuneytið gefur sér eru úreldar enda vísað í tölur frá árinu 2015 í því sambandi. Ekki er tekið tillit til þess að hlutfall lánsfjár við íbúðaruppbyggingu er breytilegt frá einum tíma til annars en undanfarið hefur það verið að aukast vegna breyttra krafna lánastofnana og samhliða aukinni sölutregðu á markaðinum en sú þróun skýrir þá aukningu í útlánum til greinarinnar sem ráðuneytið vísar til. Þetta er ekki til marks um aukin umsvif greinarinnar heldur varpar þetta ljósi á það að lengri tíma tekur að selja íbúðir.

Í ljósi afkomutalna greinarinnar er ljóst að svigrúmið til að taka á sig verðlækkun íbúða sem og hækkun skattheimtu á þær eignir sem nú þegar eru í byggingu er víða lítið sem ekkert. Gera má ráð fyrir að aðilar í greininni muni bregðast við lækkun endurgreiðsluhlutfalls virðisaukaskattsins, hækkun stýrivaxta og dekkri horfum í efnahagsmálum með því að fresta uppbyggingu íbúða eða jafnvel hætta við áður fyrirhugaða uppbyggingu.


Í skoðanakönnun sem gerð var í apríl á þessu ári, meðal félagsmanna SI sem eru að byggja íbúðir, kemur fram að samanlagt muni þetta leiða til þess að íbúðaruppbygging dregst verulega saman. Könnunin náði til aðila sem byggja fyrir eigin reikning og eru þeir með ríflega 26% af heildarfjölda íbúða í byggingu. Samkvæmt könnuninni byrjuðu þessir aðilar á 1.473 íbúðum á síðustu 12 mánuðum en munu byrja á 509 íbúðum á næstu tólf mánuðum. Samdrátturinn er ríflega 65%.

Niðurstöður spurningakönnunar. Fjöldi íbúða sem...



Ofangreindur samdráttur kemur í kjölfar þess að fjárfesting í íbúðarhúsnæði hefur verið að dragast saman undanfarið. Nam samdrátturinn á fjórða ársfjórðungi sl. árs 9,1% en fjárfesting í íbúðarhúsnæði hafði þá verið að dragast saman síðan á seinni helmingi árs 2021.

Fjárfesting í íbúðarhúsnæði á föstu verðlagi 2022, ma.kr.



Heimild: Hagstofa Íslands

Í þessu sambandi er rétt að benda á að í greiningu fjármála- og efnahagsráðuneytisins er fullt að aldrei hafi verið fleiri íbúðir í byggingu en um áramótin. Er í greiningunni vísað annars vegar í talningu HMS (sem SI framkvæmdi áður) og Fasteignaskrár. Þarna er verið að bera saman epli og appelsínur en talning SI og HMS hefur á síðustu árum sýnt að það er mun meiri fjöldi íbúða í byggingu en gögn Fasteignaskrár. Hefur munað mörg þúsund íbúðum.

Ástæða þess að SI fóru í talningu á sínum tíma voru raunar þær að opinber gögn um fjölda íbúða í byggingu þ.e. Fasteignaskrár og Hagstofu Íslands voru ekki réttar. Samanburður á niðurstöðum síðustu tveggja talninga SI og HMS annars vegar og sögulegra gagna Fasteignaskrár er því mjög villandi og í raun beinlínis rangur.


Skýr merki eru nú um að framundan sé samdráttur í uppbyggingu íbúða. Sá samdráttur merkir aðeins eitt: Þegar hagkerfið réttir úr kútnum, eftir eitt til tvö ár, verður ekki nægt framboð af íbúðum. Það liggur því fyrir að forsendur ríkisstjórnarinnar fyrir umræddri lækkun endurgreiðsluhlutfallsins munu fyrst og fremst valda byggingaraðilum tjóni, draga úr uppbyggingu og skapa ójafnvægi á milli framboðs og eftirspurnar á íbúðamarkaði þegar hjólin eiga aftur að fara að snúast.

Ósanngjörn aðgerð sem veldur tjóni

Við upptöku núverandi virðisaukaskattskerfis árið 1988 var sú stefnumarkandi breyting að virðisaukaskattur lagðist á vinnu iðnaðarmanna á byggingarstað og er það gert í dag. Löggjafanum var það alveg ljóst að sú breyting myndi leiða til 5-7% hækkunar á byggingarkostnaði og var því ákveðið að allur tekjuauki ríkisins, sem ríkið viðurkenndi að yrði umtalsverður, sem af þessari breytingu leiddi myndi renna óskiptur aftur til húsbyggjenda. Það er ljóst að endurgreiðslan af vinnu iðnaðarmanna byggðist fyrst og fremst á þeirri forsendu að lækka byggingarkostnað. Þau sjónarmið eiga enn við í dag og mun lækkun á endurgreiðsluhlutfallinu hækka byggingarkostnað og hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið viðurkennt það. Ef fram fer sem horfir og breytingin leiðir til hækkunar á íbúðaverði gæti það jafnframt leitt til hækkunar á neysluvísitölunni og þannig unnið gegn yfirlýstu markmiði um að draga úr verðbólgu.


Vergar þáttatekjur, magnvísitala

Vísitala 1997 = 100



Vergar þáttatekjur í byggingariðnaði

Vísitala 1998 = 100



Heimild: Hagstofa Íslands

Bygginga- og mannvirkjaiðnaður er ein af sveiflukenndustu greinum hagkerfisins. Greinin fylgir hagsveiflunni en með ýktum hætti. Þannig helmingaðist greinin ríflega á tímanum eftir efnahagsáfallið 2008 og dróst tífalt meira saman en hagkerfið gerði á þeim tíma.

Síðan þá hefur greinin verið að byggja sig upp aftur og er nú orðin viðlíka í stærð og hún var fyrir fyrrgreint efnahagsáfall. Sveiflan sem greinin hefur tekið á þessum tíma er margfalt meiri en sveiflan sem greinin hefur tekið í nærliggjandi löndum. Hér er því um heimatilbúinn vanda að ræða. Miklir fjármunir og fyrirhöfn hafa farið í að byggja greinina upp að nýju, m.a. með menntun starfsfólks og fjárfestingum í tækjum og öðrum búnaði.

Mikilvægt er að stjórnvöld nýti ekki greinina til sveiflujöfnunar fyrir hagkerfið. Slíkt er mjög kostnaðarsamt fyrir hagkerfið og kemur niður á framleiðni og getu greinarinnar til að takast á við það mikilvæga verkefni að byggja innviði og íbúðir í takti við þarfir atvinnulífs og heimila í landinu. Er því mikilvægt að fallið sé frá þeirri tillögu að að lækka endurgreiðsluhlutfallið á vinnu iðnaðarmanna úr 60% í 35%.